

Til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

EF 2015

Reykjavík 26. nóvember 2015

Tillaga

Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkja breytingu á fjárhagslegum skilyrðum til arðgreiðslna eftir árið 2016. Jafnframt getur greiddur arður orðið að hámarki 50% af hagnaði hvers árs samkvæmt ársreikningum.

Greinargerð

Þann 22. nóvember 2014 samþykkti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur tillögu að arðgreiðslustefnu fyrirtækisins í samræmi við grein 6.1 í eigendastefnu. Þar voru fjárhagsleg skilyrði til arðgreiðslu samþykkt í samræmi við dálkinn „eldri skilyrði OR“ í töflunni að neðan.

Mælikvarðinn FCF/nettó skuldir er fjarlægður og í staðinn verður meðal fjárhagslegra skilyrða RCF / nettó skuldir. Jafnframt er framsetningu breytt og dregið úr skilyrðum kvarðans FFO / nettó skuldir. Tillagan gerir ráð fyrir að arðgreiðslur verði háðar auknum kröfum um fjárhagslegan styrk frá og með árinu 2019. Greiddur arður getur orðið að hámarki 50% af hagnaði hvers árs samkvæmt ársreikningum á tímabilinu 2016-2020. Fjárstýring OR yfirfer að fjárhagskilyrðum sé fullnægt og að nægt reiðufé sé til staðar til að greiða arð.

Skilyrði	Skilyrði 2016-2018	Skilyrði 2019-	Eldri skilyrði OR
1. Veltufjárlutfall	>1,0	>1,0	>1,0
2. Eiginfjárlutfall	>35%	>40%	>35%
3. FFO vaxtaþekja	>3,5	>3,5	>3,5
4. RCF / nettó skuldir	>11%	>13%	-
5. FFO / nettó skuldir	>13%	>17%	>20%
6. FCF / nettó skuldir	-	-	>0%
Arðgreiðslulutfall	≤50%	≤50%	-

Framsetning á mælikvarðanum Nettó skuldir / (EBITDA – nettó vaxtagreiðslur) var breytt í FFO / nettó skuldir í samræmi við framsetningu matsfyrirtækja. Í kjölfarið varð viðmið kvarðans 20% samkvæmt tillögu stjórnar til eigenda í nóvember 2014. Við endurskoðun þykir 20% of strangt í samanburði við viðmið matsfyrirtækja á kvarðanum fyrir fjárfestingaflokk og skilyrði FFO vaxtaþekju umfram 3,5. Viðmið mælikvarðans FCF / nettó skuldir umfram 0% reyndist of veikt og var honum skipt út fyrir RCF / nettó skuldir sem er næmari fyrir áhrifum arðgreiðslna.

Skilgreiningar:

FFO = Handbært fé frá rekstri (e. funds from operation)

FCF = Heildarsjóðstreymi (e. free cash flow)

Nettó skuldir = Vaxtaberandi skuldir – handbært fé

EBITDA = Rekstarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir

FFO Vaxtaþekja = mælir getu fyrirtækis til að standa við vaxtagreiðslur af skuldbindingum sínum

RCF = Handbært fé frá rekstri - arðgreiðslur